

Fundargerð 31. stjórnarfundar Vestfjarðastofu, haldinn í fjarfund, kl 14.00 þriðjudaginn 27. október 2020

Mætt voru: Hafdís Gunnarsdóttir, formaður, Ágústa Ýr Sveinsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Þorsteinn Mátsson, Iða Marsibil Jónsdóttir, Kristján G. Jóakimsson og Þórir Guðmundsson. Auk þeirra sat fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

1. Fundargerð 30. stjórnarfundar 22.09.2020
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Verklag við gerð starfsáætlunar
4. Þátttökugjöld Vestfjarðaleiðarinnar 2020
5. Sóknaráætlun Vestfjarða. Rammi úthlutana 2021
 - a. Uppbyggingarsjóður
 - b. Áhersluverkefni
6. Umsóknir í verkefni C1 í Byggðaaætlun
7. Þinggerð og ályktanir 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga
8. Lagt fram til kynningar
 - a. Fundargerð 2. fundar fagráðs ferðapjónustunnar á Vestfjörðum
 - b. Fundargerð 63 fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál
 - c. Fundargerð 9. fundar Byggðamálaráðs
 - d. Fundargerð 888. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - e. Fundargerð 13. fundar SSNE – 16. september 2020
<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerd-stjorn-ssne-13-fundur-16-september-2020>
 - f. Fundargerð 58. fundar stjórnar SSNV 1. september 2020
http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2020/fundargerd-58.-fundar-stjo-rnar-ssnv-1.-september-2020.pdf
9. Umsagnir
 - a. Fjárlagafrumvarpið 2021
 - b. Þingsályktun um fjármálastefnu 2021-2025
 - c. Umsagnagerð - Þingmálaskrá 151. Löggjafarþing 2020-2021
10. Önnur mál

Formaður kynnti að þetta væri fyrsti fundur nýrrar stjórnarmanna sem kjörnir hefðu verið á 65. Fjórðungsþingi Vestfirðinga. Þórir Guðmundsson, Ísafjarðarbæ komi inn sem nýr aðalmaður í stjórn Vestfjarðastofu um leið og Sigurður Hreinsson gengur úr stjórn. Formaður bauð Þóri hjartanlega velkominn til starfa í stjórn og þakkaði Sigurði Hreinssyni samstarfið á liðnum árum. Nánar verður farið yfir kjör í stjórn og nefndir Fjórðungssambandsins í 7. lið dagskrár.

Formaður kynnti að Hólmfríður Vala Svavarsdóttir væri forfölluð og varamaður hennar hefði forfallast rétt fyrir fundinn og því ekki hægt að boða varamann í hennar stað.

Gengið til dagskrár

1. Fundargerð 30. stjórnarfundar 22.09.2020

Fundargerð 30. Stjórnarfundar frá 22. September 2020 lögð fram til staðfestingar. Fundargerðin hafði áður verið staðfest með tölvupósti. Fundargerð borinn upp og staðfest. Sviðsstjóri bar upp tillögu um að teknar væru upp rafrænar undirskriftir á fundargerðum stjórnar. Formaður bar upp tillögu sviðsstjóra. Tillagan samþykkt

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu stjórnar.

3. Verklag við gerð starfsáætlunar

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað til stjórnar, með tillögum að verklagi um vinnu að starfsáætlun Vestfjarðastofu fyrir árið 2021, með röðun funda með aðkomu stjórnar, starfsmanna, fagráðum, félögum atvinnurekenda og bæjar og sveitarstjórnnum. Miðað er við að starfsáætlun verði lögð fyrir stjórn á fundi þann 8. desember n.k..

Rætt um efni minnisblaðs og uppröðun funda. Samþykkt efni minnisblaðs en byrjað verði með upphafs fundi stjórnar og starfsmanna 11. nóvember n.k..

4. Þátttökugjöld Vestfjarðaleiðarinnar 2020

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um þátttökugjöld varðandi aðild að verkefninu Vestfjarðaleiðin sem komi til viðbótar árgjaldi að Markaðsstofu Vestfjarða, en um 40 fyrirtæki hafa samþykkt aðild að verkefninu. Tillagan er sett fram í ljósi heimsfaraldurs kórónuveiru, að fresta innheimtu þátttökugjalds til ársins 2021. Tillagan samþykkt.

5. Sóknaráætlun Vestfjarða. Rammi úthlutana 2021

a. Uppbyggingarsjóður

Lögð fram tillag um ramma úthlutunar fyrir Uppbyggingarsjóð Vestfjarða, tillagan skoðast í samhengi við tillögu um áhersluverkefni

b. Áhersluverkefni

Lögð fram tillaga um ramma úthlutunar fyrir áhersluverkefni 2021 tillagan skoðast í samhengi við tillögu um úthlutun í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða.

Rætt um efni tillagna í samhengi. Í ljósi umræðu á fundinum gerði formaður tillögu um að færa fjármagn í áhersluverkefnum 7,5 mkr til úthlutunar Uppbyggingarsjóð til atvinnuþróunar og nýsköpunar. Engin ný áhersluverkefni verði tekinn upp á árinu 2021 né verði endurskoðuð samþykkt áhersluverkefna frá síðasta ári og ná til áranna 2021 og 2022. Tillaga um skiptingu fjármagns verði sem hér segir.

Grunnframlög til Sóknaráætlunar árið 2021	Upphæð
Framlag ráðuneyta	97.848.443
2% skerðing	-1.956.969
Samtals	95.891.474

Samkvæmt samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis leggja sveitarfélög á Vestfjörðum árlega kr 9.900.000,- til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024. Framlagið er tilgreint sem áhersluverkefni í menningarmálum og er bundið við stöðugildi menningarfulltrúa. Framlagið er því utan skiptingu grunnframlags sem kemur frá ráðuneytum.

Ráðstöfun grunnframlags árið 2021	Upphæð	Hlutfall
Uppbyggingarsjóður	58.500.000	61%
Áhersluverkefni	26.500.000	28%
Umsýsla samnings	10.891.474	11%
Samtals	95.891.474	100%

Einn aðili sem fékk úthlutun í menningarverkefni 2020 hefur hætt við verkefnið, eða sem nemur kr 100.000,- og er þeirri fjárhæð endurúthlutað til menningarverkefna

Úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2021 nemi kr 58.600.000 og skiptist sem hér segir.

- **Menningarverkefni**, - 17.100.000 kr. Þar af er 1.600.000 kr. þegar ráðstafað í langtímaverkefni sem nær til ársins 2022. **Alls til úthlutunar 2021 - 15.500.000 kr.**
- **Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur** - 24.500.000 kr. Þar af er 2.000.000 kr. þegar ráðstafað í langtímaverkefni sem nær til ársins 2021. **Alls til úthlutunar 2021 - 22.500.000 kr.**
- **Stofn - og rekstrarstyrkir til menningarstofnana** - 17.000.000 kr. Þar af er 7.000.000 kr. þegar ráðstafað í langtímaverkefni sem ná allt til ársins 2022. **Alls til úthlutunar 2021 - 10.000.000 kr.**

Úthlutun áhersluverkefna fyrir árið 2021 nemi kr 26.500.000,-, öll verkefni verða unnin hjá Vestfjarðastofu

Áhersluverkefni árið 2021	Árið 2022	
Sýnilegri Vestfirðir	7.500.000	7.500.000
Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar	7.500.000	7.500.000
Visit Westfjords	5.500.000	5.500.000
Hringvegur 2	6.000.000	6.000.000
Samtals	26.500.000	26.500.000

Tillaga borin upp og samþykkt.

Framkvæmdastjóri kynnti að stjórnir landshlutasamtaka hefðu ályktað um takmarkað fjármagn sem rynni til sóknaráætlana og lagði fram drög að ályktun. Rætt um efni ályktunar og eftirfarandi ályktun samþykkt.

Stjórn Vestfjarðastofu vekur athygli á því að 2020 er fyrsta ár nýs samningstímabils sóknaráætlana. Sóknaráætlunum er ætlað að skapa vettvang til að landshlutarnir geti varið fjármagni til verkefna sem þau meta mikilvæg til þróunar atvinnu- og mannlífs á svæðunum. Strax á þessu fyrsta ári má segja að forsendur Sóknaráætlana hafi að verulegu leyti brostið vegna Covid-19 faraldursins.

Við lok fyrstu bylgju faraldursins fékkst viðbótarstuðningur inn í sóknaráætlanir og skal það þakkað. Vandinn er hins vegar mjög stór. Til dæmis hafa söfn, setur og aðrar menningarstofnanir misst verulegan hluta af tekjum sínum á þessu ári og í raun ekkert komið í staðinn. Þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar í uppbyggingarsjóðum hrökkva afar skammt til að brúa það bil.

Stjórn Vestfjarðastofu hvetur Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til þess að draga ekki úr framlögum í Sóknaaráætlun líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021. Stjórn Vestfjarðastofu leggur til að fjármagn til sóknaaráætlana verði stórukið til að þær fái aukinn slagkraft til að sporna við áhrifum heimsfaraldurs og metnaðarfull markmið áætlana náist.

Þá hvetur stjórn mennta og menningarmálaráðherra til þess að nýta farveg Sóknaaráætlunar til að efla menningarmál víða um land á þessum erfiðu tímum.

Einnig hvetur stjórn Vestfjarðastofu, Umhverfis og auðlindaráðherra til að bregðast við kalli landshlutasamtaka sveitarfélaga um aukið vægi umhverfis- og loftslagsmála í Sóknaaráætlun með fjárframlagi.

Stjórn hvetur síðan Alþingi til að taka þessar tillögur til umfjöllunar í umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 og þingsályktun um fjármálastefnu 2021-2025.

6. Umsóknir í verkefni C1 í Byggðaáætlun

Framkvæmdastjóri kynnti að leitað hafi verið til sveitarfélaga á Vestfjörðum þann 16. október s.l., varðandi hugmyndir að verkefnum í C1 verkefni í Byggðaáætlun 2018-2023. Svör hefðu komið frá Ísafjarðabæ og Bolungarvíkurkaupstaðar alls um þrjár tillögur og framkvæmdastjóri kynnti að auki hugmyndir að tveim tillögum.

- Ísafjarðarbær – Sólsetur – gögn frá Ísafjarðarbæ
- Bolungarvíkurkaupstaður – Bolafjall þróunarfélag – gögn frá Bolungarvíkurkaupstað
- Bolungarvíkurkaupstaður – Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar
- Framkvæmdastjóri – Fjárfestingaáttak
- Framkvæmdastjóri – Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar

Rætt um framlagðar tillögur og í ljósi umræðu gerði formaður tillögu að þrem verkefnum sem send yrðu inn til umsóknar í C1 verkefni.

- Sólsetur
- Bolafjall þróunarfélag
- Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar

Tillagan samþykkt.

7. Þinggerð og ályktanir 65. Fjórðungspings Vestfirðinga

Aðalsteinn kynnti að þinggerð væri í lokafrágangi.

Niðurstöður kosninga í stjórnir og nefndir voru sem hér segir;

Aðalmenn	Varamenn
Hafdís Gunnarsdóttir, Ísafjarðarbæ	Marzelíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ
Þórir Guðmundsson, Ísafjarðarbæ	Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ
Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvíkurkaupstað	Samúel Kristjánsson, Súðavíkurhreppi
Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð	Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi
Jóhann Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi	Guðfinna Lára Hallvarðsdóttir, Strandabyggð

Formaður stjórnar var kjörinn Hafdís Gunnarsdóttir, Ísafjarðarbæ fyrir tímabilið 2020-2021 en Jóhanna Ösp Einarsdóttir, fyrir tímabilið 2021 til 2022.

Formaður kynnti að kjósa yrði nú varaformann úr röðum aðalmanna, tillaga kom fram um Jóhönnu Ösp Einarsdóttur. Tillagan samþykkt.

Samgöngu og fjarskiptanefnd

Aðalmenn	Varamenn
Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð	Marzellíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ
Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Tálknafjarðarhreppi	Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð
Sigurður Jón Hreinsson, Ísafjarðarbæ	Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbæ
Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð	Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað	Samúel Kristjánsson, Súðavíkurhreppi

Formaður samgöngu og fjarskiptanefndar var kjörinn Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð og varamaður hennar verði Marzellíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ

<i>Fagráð menningar</i>			
Aðalmenn		Varamenn	
Smári Haraldsson	Ísafjarðarbær	Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir	Bolungarvík
Svanhvít Skjaldardóttir	Vesturbyggð	Davíð Rúnar Gunnarsson	Vesturbyggð
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir	Reykhólar	Hrafnhildur Skúladóttir	Strandabyggð
Elísabet Haraldsdóttir	utan svæðis - formaður	Bjarni Snæbjörnsson	utan svæðis

<i>Fagráð nýsköpunar og atvinnuþróunar</i>			
Aðalmenn		Varamenn	
Tinna Ólafsdóttir	Ísafjarðarbær	Jón Páll Hreinsson	Bolungarvík
Anna Vilborg Rúnarsdóttir	Vesturbyggð	Sigurður Viggósson	Vesturbyggð
Víktoría Rán Ólafsdóttir	Strandabyggð	Ingibjörg Birna Erlingsdóttir	Reykhólar
Hólmfríður Einarsdóttir	utan svæðis - formaður	Arnar Sigurðsson	utan svæðis

<i>Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs</i>			
Aðalmenn		Varamenn	
Kristján Þór Kristjánsson	Ísafjarðarbær - formaður	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir	Bolungarvík
Friðbjörg Matthíasdóttir	Vesturbyggð	Ingibjörg Jóna Nóadóttir	Tálknafjörður
Arnín Óladóttir	Kaldrananeshreppur	Árný Huld Haraldsdóttir	Reykhólar
Elísabet Haraldsdóttir	formaður fagráðs menningar	Bjarni Snæbjörnsson	utan svæðis
Hólmfríður Einarsdóttir	formaður fagráðs nýsköpunar	Arnar Sigurðsson	utan svæðis

Samþykkt var breyting á samþykktum Fjórðungsambandsins og þingsköpum um kosningu fjárhagsnefndar og var kosið til nefndarinnar samkvæmt þessum nýju ákvæðum.

Fjárhagsnefnd			
Aðalmenn		Varamenn	
Daníel Jakobsson	Ísafjarðarbær - formaður	Nanný Arna Guðmundsdóttir	Ísafjarðarbær
Baldur Smári Einarsson	Bolungarvík	Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir	Bolungarvík
Eva Sigurbjörnsdóttir	Árneshreppur	Embla Dögg Jóhannsdóttir	Reykholar
Sif Huld Albertsdóttir	Ísafjarðarbær	Ásgeir Hólm Agnarsson	Súðavík
Jón Árnason	Vesturbyggð	Lilja Magnúsdóttir	Tálknafjörður

Löggiltur endurskoðandi var kosinn Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Formaður bauð nýja nefndarmenn velkomna til starfa.

Fjárhagsáætlun FV fyrir árið 2021 var afgreidd sem hér segir;

	Almennings- samgöngur	Atvinnu og nýsköpunarmál	Bygginga- þróun	Markaðs- stofa	Menningar- mál	Sóknar- áætlun	Rekstur skrifstofu	Samtals áætlun 2021	Samtals áætlun 2020	Samtals rauntölur 2019
Rekstrartekjur										
Framlög ríkissjóðs	0		15.000.000	16.400.000	0	97.800.000		129.200.000	157.400.000	190.317.591
Framlög Jöfnunarsjóðs						0	33.000.000	33.000.000	34.500.000	44.257.373
Framlag Bygðastofnunar		42.750.000						42.750.000	42.693.000	42.693.000
Framlög sveitarfélaga		6.500.000	4.000.000	6.800.000	9.900.000		10.200.000	37.400.000	45.100.000	44.894.724
Aðrar tekjur							10.000.000	10.000.000	10.000.000	2.240.255
Styrkir innan ársins									5.000.000	
Ónotaðir styrkir f.f. ári	5.026.226	3.550.000			1.500.000	6.122.332		16.198.558	53.058.219	71.626.106
Ónotaðir styrkir til næsta árs	0								-16.198.558	-53.058.219
Vaxtatekjur						350.000	0	350.000	650.000	2.614.505
	5.026.226	52.800.000	19.000.000	23.200.000	11.400.000	104.272.332	53.200.000	268.898.558	332.202.661	345.585.335
Laun og launatengd gjöld							7.900.000	7.900.000	7.700.000	7.690.303
Framlag til Vestfjarðastofu	500.000	52.800.000	19.000.000	23.200.000	9.900.000	10.000.000	41.200.000	156.600.000	166.712.610	168.967.988
Áhersluverkefni						30.300.000		30.300.000	56.354.164	25.975.000
Greiddir styrkir					1.500.000	57.500.000		59.000.000	72.800.000	107.200.000
Niðurfelldir styrkir								0		-1.850.000
Aðkeyptir verktakar	1.000.000							1.000.000	2.000.000	34.993.640
Aðkeypt sérfræðipjónusta	3.526.226					6.122.332		9.648.558	11.800.000	
Annar skrifstofukostnaður							1.700.000	1.700.000	3.855.000	1.467.777
Niðurfærsla viðskiptakrafna (Markaðsstofa, árgjöld, sýningaþátttaka)								0	700.000	900.000
Önnur gjöld							10.200.000	10.200.000	10.000.000	2.324.860
Fyrningar							9.000	9.000	9.000	9.495
Vaxtatekjur/(vaxtagjöld)										
	5.026.226	52.800.000	19.000.000	23.200.000	11.400.000	103.922.332	61.009.000	276.357.558	331.930.774	347.679.063
Rekstrarniðurstaða	0	0	0	0	0	350.000	-7.809.000	-7.459.000	271.887	-2.093.728

Meginbreyting frá tillögu stjórnar er að þingið samþykkti að ekki yrði innheimt lífeyrishækkun fyrirverandi starfsmanna Fjórðungssambandsins, sem innheimt er mánaðarlega af LSR, leiðir það til lækkunar tekna í deild rekstur skrifstofu úr 18,1 mkr í 10,2 mkr. Samsvarandi er lækkun árstíllags sveitarfélaga til FV og nemi það á árinu 2021, 37,4 mkr. Aðrar tekjur og útgjöld verði óbreytt, þannig nemi rekstrartekjur 268,9 mkr en rekstargjöld 276,4 mkr og rekstarhalli 7,5 mkr.

Rekstarhalli verði mætt með lækkun eiginfjár en samkvæmt ársreikningi Fjórðungssambandsins fyrir árið 2019 nemur eigið fé sambandsins um 43,5 mkr og ekki er gert ráð fyrir að taprekstur verði á árinu 2020. Svigrúm er því að mæta lækkun tekna með lækkun eiginfjár sambandsins.

Sviðsstjóri kynnti tillögur að á framkvæmd á ályktunum Fjórðungspings, vísast til fundargagna þar sem tillögurnar hafa verið teknar saman í eitt skjal. Önnur atriði þingsins er vísað til næsta stjórnarfundar þegar þinggerð verður tilbúin.

8. Lagt fram til kynningar

- a. Fundargerð 2. fundar fagráðs ferðapjónustunnar á Vestfjörðum
Lagt fram til kynningar.
- b. Fundargerð 63 fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál
Lagt fram til kynningar
- c. Fundargerð 9. fundar Byggðamálaráðs
Lagt fram til kynningar
- d. Fundargerð 888. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Lagt fram til kynningar
- e. Fundargerð 13. fundar SSNE – 16. september 2020
<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerd-stjorn-ssne-13-fundur-16-september-2020>
Lagt fram til kynningar.
- f. Fundargerð 58. fundar stjórnar SSNV 1. september 2020
http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2020/fundargerd-58.-fundar-stjo-rnar-ssnv-1.-september-2020.pdf
Lagt fram til kynningar

9. Umsagnir

- a. Fjárlagafrumvarpið 2021 – umsögn
Lögð fram umsögn til fjárlaganefndar Alþingis vegna frumvarps um fjárlög 2021.
Umsögnin var samþykkt í tölvupósti og er lögð fram til kynningar.
- b. Þingsályktun um fjármálastefnu 2021-2025
Umsögn um fjármálastefnu 2021-2025 fylgir umsögn um frumvarp til fjárlaga 2021.
- c. Umsagnagerð - Þingmálaskrá 151. Löggjafarþing 2020-2021
Lögð fram til kynningar þingmálaskrá ríkisstjórnar fyrir 151. löggjafarþing 2020-2021.
Sviðsstjóri fór yfir líkleg mál sem kæmu til kasta Fjórðungssambands og eða Vestfjarðastofu og eins yrði að taka afstöðu til hvort sett verði vinna í gerð umsagnar.
Sviðsstjóri fór einnig yfir mál sem væru til upplýsingar fyrir stjórn, en eðlilegt að aðrir aðilar tækju til umfjöllunar s.s. sveitarfélög á Vestfjörðum, Samband íslenskra sveitafélaga eða aðilum atvinnulífs.

Formaður gaf orðið laust. Fram kom að áhersla yrði lögð á þingmál umhverfis og auðlindaráðherra, mikilvægt væri að sveitarfélög á Vestfjörðum stilltu saman strengi varðandi friðun svæða. Taka yrði til skoðunar á nýju gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði sem viðbragð sveitarfélaga í þessum efnum.

Formaður lagði til að stjórn fari yfir efni þingmálaskrár og sendi sínar ábendingar til sviðsstjóra og framkvæmdastjóra.

10. Önnur mál

Samskiptaáætlun stjórnar – framkvæmdastjóra falið að stilla upp tillögu að samskiptaáætlun stjórnar fram til vors. Þar verði gert ráð fyrir fundum með sveitarstjórnnum á Vestfjörðum samkvæmt samþykktum Fjórðungssambandsins, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða með vísan til reglugerðar um heilbrigðisstofnanir auk fleiri aðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.55.

Gögn fundarins:

- Fundargerð 30. stjórnarfundar
- Fundargerð 2. fundar fagraðs ferðapjónustunnar á Vestfjörðum
- Fundargerð 63 fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál
- Fundargerð 9. fundar Byggðamálaráðs
- Fundargerð 888. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Þingmálaskrá 151. Löggjafarþings 2020-2021
- Minnisblað vegna Vestfjarðaleiðarinnar
- Minnisblað vegna C1 í Byggðaáætlun
- Minnisblað um framkvæmd ályktana 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga
- Minnisblað vegna vinnu við starfsáætlun
- Rammi úthlutunar áhersluverkefna fyrir árið 2021
- Rammi úthlutunar Uppbyggingarsjóðs 2021
- Drög að bókun vegna fjármagns til Sóknaráætlana